



## Fundur í atvinnu- og nýsköpunarnefnd

**22. fundur atvinnu- og nýsköpunarnefndar Langanesbyggðar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn miðvikudaginn 1. september 2021. Fundur var settur kl. 17:00.**

**Mætt voru:** Mirjam Blekkenhorst formaður, Þorsteinn Ægir Egilsson, Guðmundur Björnsson, Almar Marinósson, Jónas Egilsson sveitarstjóri og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnáði.

### Fundargerð

#### 1. „Fræðslu- og nýsköpunarsetur“ á Þórshöfn - möguleikar og hugmyndir

Sveitarstjóri gerði grein fyrir umræðum og hugmyndum um mögulegt „fræðslu- og nýsköpunarsetur“ í húsnæði Landsbankans að Fjarðarvegi 5 á Þórshöfn.

*Bókun um afgreiðslu:* Atvinnu- og nýsköpunarnefnd fagnar þeim skrefum sem tekin hafa verið í að koma á laggirnar e.k. fræðslu- og nýsköpunarsetri í byggðarlaginu. Ný störf og aukin fjölbreytni í atvinnutækifærum er byggðarlaginu nauðsynleg til framtíðar.

Samþykkt samhljóða.

#### 2. Úttekt á friðlýsingarkostum fyrir Langanes

*Bókun um afgreiðslu:* Atvinnu- og nýsköpunarnefnd leggur til að hafnar verði viðræður um umhverfis- og auðlindaráðuneytið um framhald skoðunar á möguleikum á friðlýsingarkostum hluta Langaness. Skoðuð verði efnahagsleg- og umhverfisáhrif friðlýsingarkosta fyrir samfélagið s.s. störf og kynningu, nákvæmlega hvaða reglur um umgengni og afnot af landi friðlýsing hefur í för með sér o.fl. sem kemur til álita. Niðurstöður þessarar skoðunar verði kynntar innan sveitarfélagsins þegar þær liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.

#### 3. Útboð á flugi til Þórshafnar [og Vopnafjarðar], ályktun frá fundi sveitarstjórar

Ályktun sveitarstjórnar frá 129. fundi hennar, dags.19. ágúst sl., lögð fram.

*Bókun um afgreiðslu:* Atvinnu- og nýsköpunarnefnd tekur undir álit sveitarstjórnar um mikilvægi þess að flogið sé til Þórshafnar fimm sinnum í viku. Enn fremur bendir nefndin á mikilvægi reglulegs flugs hingað vegna framhalds sjúkraflugs, en reynslan sýnir að þegar almennt farþegaflug leggst af, hverfa möguleikar á sjúkraflugi einnig. Nefndin fagnar því að Vegagerðin hefur fallið frá því að bjóða út flug eingöngu til Reykjavíkur og



fækkum í þrjár í viku. Nefndin hvetur til að skoðaðir verði möguleikar á bættum tengingum við flug til og frá Reykjavík við flug til og frá Þórshöfn og Vopnafirði. Enn fremur skorar nefndin á Vegagerðina að kynna betur bókunarmöguleika með Loftbrúarafslættinum.

Samþykkt samhljóða.

#### 4. Handbók Norðurstrandarleið, fá fyrri fundi

Handbók um notkun landfræðilegs upplýsingagrunns.

Lögð fram.

*Bókun um afgreiðslu:* Nefndin samþykkir að kynna handbókina fyrir hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu í byggðarlaginu á fyrirhuguðum fundi með framkvæmdastjóra Markaðsstofu Norðurlands (NM).

Samþykkt samhljóða.

#### 5. Áfangastaðir í Langanesbyggð, frá fyrri fundi

Tillaga með mögulegum áfangastöðum í Langanesbyggð til kynningar í áfangastaðaáætlun Norðurlands lögð fram. Óskað er eftir tillögum um fimm staði sem kynntir yrðu sérstaklega og framkvæmdir fjármagnaðar.

*Bókun um afgreiðslu:* Nefndin mælir með eftirtöldum áfangastöðum í næstu áfangastaðaáætlun: 1) Upplýsingaskilti við Stóra Karl og bætt aðgengi fyrir fatlaða, 2) Urbætur á bílastæði við Font, 3) Áfangastaður og upplýsingaskilti á hæðinni við Sauðanes. 4) Þjónustuskilti við Stapa við Bakkafloa og 5) Bætt aðgengi að útsýnispalli við Gunnólfsvíkurfjall.

Samþykkt samhljóða.

#### 6. Fundargerð stjórnar MN 6. júlí 2021

Fundargerðin lögð fram.

#### 7. Önnur mál

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:40.